

KOGGA
SJÓNÞING

27. SEPTEMBER 2003



KOGGA

Pann 27. september 2003 sat keramikerrinn Kolbrún Björgólfsdóttir, Kogga, fyrir svörum á Sjóningi Gerðubergs. Stjórnandi Sjóningisins var Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur en spylar Edda Jónsdóttir, forstöðumaður gallerís ið, og Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður.

Aðalsteinn:

Velkomin til átjándra Sjóningis Gerðubergs sem í fyrsta sinn er til-einkað keramikur, Kolbrúnu Björgólfsdóttur eða Koggu. Sjálfur kem ég til með að halda utan um þetta þing og mér til aðstoðar eru Edda Jónsdóttir, forstöðumaður gallerísins ið og fyrrum samstarfsmaður Koggu, og Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður.

Leirlistin er í senn ævagömul grein og tiltölulega nýr landnemi á Íslandi. Eins og margir vita þá er jarðsaga Íslands of stutt til að hægt sé að nota íslenskan leir óblandaðan og óunninn til framleiðslu á leirmunum og því fluttu menn inn slíka muni frá Danmörku, Þýskalandi eða Englandi í aldraðir eins og komið hefur í ljós við fornleifauppgröft. Það er ekki fyrr en 1930 að leirlistin nemur hér land fyrir tilstilli Guðmundar Einarssonar frá Miðdal og Lydiu Pálsdóttur konu hans en í framleiðsluna á verkstæði sínu notuðu þau blöndu af íslenskum og innfluttum leir. Guðmundur og Lydia voru nánast ein um hituna til loka síðari heimstyrjaldar þegar lærisveinar þeirra eins og Ragnar Kjartansson og hjónin Gestur Þorgrímsson og Sigrún Guðjónsdóttir hösluðu sér völl á þessum vettvangi með nýjar hugmyndir. Sjötti áratugurinn er tímabil

verkstæðisins Laugarnesleirs og fyrirtækjanna Funa og Glits en upp úr 1960 kom ný kynslóð leirlistarmanna, sem menntaðir voru í erlendum listaskólum, fram á sjónarsviðið: Steinunn Marteinsdóttir, Haukur Dór, Borghildur Óskarsdóttir, Tove Kjarval og Jónína Guðnadóttir. Á úthallandi áttunda áratugnum verða síðan önnur tímamót, keramikdeild var sett upp við Myndlista- og handíðaskólann 1969 og í framhaldinu fóru fjölmargar öflugar leirlistarkonur í framhaldsnám til Danmerkur, Finnlands og jafnvel til Japan. Ein þessara kvenna var Kolbrún Björgólfsdóttir frá Stöðvarfirði, fædd 1952.

Áður en við gefum Koggu og spyrlum orðið þá langar mig að segja litla sögu sem mér finnst lýsa vel óhefðbundnum framgangsmáta hennar, áræðni og löngun til að kynnast nýju fólki og viðhorfum. Þannig er að um 1968 vann 16 ára strákur hjá kókverksmiðjunni í Reykjavík. Einnhvern tímann, þegar verið var að stafla kókkössum sem áttu að fara út á land, þá skrifaði hann í bríaríi nafnið sitt á einn kassann. Nokkrum vikum seinna barst bréf, stílað á hann, til kókverksmiðjunnar og var það frá stúlku sem var að vinna hjá Kaupfélaginu í Stöðvarfirði og hafði séð nafnið hans á kassanum. Hún sagðist heita Kolbrún Björgólfsdóttir og vera á leiðinni til Reykjavíkur að stunda nám við Myndlista- og handíðaskólann. Sagðist ekki þekkja marga í höfuðborginni og spurði hvort hún mætti heilsa upp á hann. Þessi piltur og fjölskylda hans urðu síðan miklir vinir Koggu hér í Reykjavík eins og hún getur örugglega staðfest.

Ætlaði að verða málari

Aðalsteinn:

Þessi mynd hérna á skerminum er af foreldrum þínum?

Kogga:

Já, þetta eru þau. Þau hétu Kristín Helgadóttir og Björgólfur Sveinsson.

Aðalsteinn:

Þetta er skemmtileg mynd.

Kogga:

Já, þarna er ég fimm ára, held ég. Ég setti hana þarna inn þar sem hún lýsir mér mjög vel, í rauninni enn þann dag í dag. Ég vil helst alltaf vera skítug og á ekki auðvelt með að skipta um föt; ný föt finnst mér frekar leiðinleg fyrirbæri. Þetta á við mig enn þann dag í dag. Svona kann ég vel við mig og þetta hefur fylgt mér. Ég vil helst ekki klippa hárið eða greiða mér. Það eina sem mér finnst skemmtilegt við föt eru skór. Það eru líka form.

Aðalsteinn:

Það voru miklir kærleikar með þér og pabba þínum?

Kogga:

Já, hann var ekki bara pabbi heldur líka fyrirmynd og mér fannst hann vera persónugervingur alls þess sem ætti að vera. Hann var skemmtilegur, vel gefinn og hæfileikaríkur á ótrúlega mörgum sviðum. Svo var hann þar að auki - hann hafði áhuga á pólitík - eini vinstri maðurinn á staðnum! Hitt voru allt framsóknarmenn og svo einn sjálfstæðismaður.

Aðalsteinn:

Hafði hann áhuga á öllu skapandi? Örvaði hann þig að því leyti?

Kogga:

Já, hann var verkstjóri í frystihúsinu heima á Stöðvarfirði en var alltaf tilbúinn að mála og skera út. Hann bjó til figúrur í garðinn, gosbrunna og ýmislegt. En hann var ekki fagmaður; hann var bara að leika sér. Hann veiktist og dó þegar ég var fimmtán ára. Þegar ég kvaddi hann á sjúkrabörunum vissi ég, og það voru mín síðustu orð til hans, að ég ætlaði í listnámi. Þetta var vendipunktur í mínu lífi.

Aðalsteinn:

En þú ætlaðir ekki endilega í keramik?

Kogga:

Nei, ég hélt að ég ætlaði að verða málari.

Aðalsteinn:

Hér er sniðug mynd. Hvar ert þú á þessari hópmynd?

Kogga:

Þessi litla neðst í horninu; ég er minnst held ég. Þetta er skemmtileg mynd. Þetta eru öll börnin á Stöðvarfirði saman komin á einum stað fyrir framan barnaskólann og við erum að taka á móti Ásgeiri Ásgeirssyni forseta. Við erum sem sagt opinber sendinefnd, ægilega stolt. Það sem mér finnst ekki leiðinlegt heldur er að eina fullorðna manneskjan á myndinni, þessi kona sem er að labba út úr myndinni, er ljósmóðirin á staðnum. Hún hefur örugglega tekið á móti okkur öllum. Þannig að þetta er dálítið skemmtilegt. Systir mín er þarna á bak við mig. Eldrauðhærð.

Aðalsteinn:

En annar þáttur í þínum sköpunarferli er að þú hefur alltaf haft áhuga á tónlist?

Kogga:

Já, mjög gaman af tónlist. Ég ætlaði að verða óskaplega margt, held ég. Tónlist var ekki síður uppi á teningnum. Það var þetta tvennt, myndlist eða tónlist.

Aðalsteinn:

Svo við séum klár á því; þú ert stúlkan í köflóttu skyrtunni?

Kogga:

Já, þetta er líklega eitt af fyrstu skiptunum sem ég treð upp. Þetta lýsir mér svolítið. Ég ætla mér stundum svolítið mikið og hratt og kann ekki textann; ég bara æði af stað!

Aðalsteinn:

Geturðu nafngreint aðra á myndinni?

Kogga:

Ég man ekki hvað hann heitir sem er lengst til hægri enda var hann ekki í hljómsveitinni; hann var þarna fyrir tilviljun. Þarna eru Sigrún Skúladóttir og Helgi Arngrímsson sem rekur í dag Álfastein á Borgarfirði eystra.

Aðalsteinn:

Mörgum finnst þessi mynd táknræn fyrir þig að mörgu leyti. Margir

hafa á tilfinningunni að þú sért algjörlega ófeimin, þú troðir upp nánast hugsunarlaust.

Kogga:

Það er algjör vitleysa. Ég er raunverulega mjög feimin og mjög lokuð. En ég á gott með að fela það.

Aðalsteinn:

Þetta er kvennahljómsveitin sem þú stofnaðir?

Kogga:

Já, hún varð til af því mig langaði líka til að spila á hljóðfæri. Þarna er ég með bassann. Ég held að þetta sé fyrsta kvennahljómsveitin á Íslandi. Mig grunar það. Þetta er þegar ég er fimmtán ára.

Edda:

Af hverju hét hún Plágan?

Kogga:

Það var vegna þess að við vildum fyrirbyggja að strákarnir kölluðu hljómsveitina plágu! Þessar músíktílaunir fóru fram á Alþýðuskól-
anum á Eiðum sem var heimavistarskóli en þangað fór ég fimmtán ára, haustið sem faðir minn dó. Þar var mikið félagsstarf og þar voru þessar hljómsveitir. Þegar ég var sautján ára, fór ég til Reykjavíkur til þess að taka inntökupróf í Myndlista- og handíðaskólann; ég var ansi ung en komst inn. Þessi mynd er tekin þegar ég var komin í sollinn.

Purfti að vera gjaldgeng

Aðalsteinn:

Þetta er tími hjá Braga Ásgeirssyni. Hverjar eru með ykkur Braga á myndinni?

Kogga:

Elsa Guðmundsdóttir og Kolbrún hans Braga eins og við kölluðum hana alltaf.

Aðalsteinn:

Eigum við að hafa fleiri orð um sollinn sem slíkan?

Kogga:

Ég veit ekki. Þetta voru náttúrlega þvítík viðbrigði að koma fyrst úr Stöðvarfirði, sem er minnsta pláss á Austfjörðum eða tvö hundruð manns, á Eiðaskóla þar sem nánast var skírlífi. Strákur og stelpa máttu ekki leiðast og það var passað upp á alla hluti, hvenær maður kom inn og hvenær maður lærði og allt verndað. Á þessum tíma var ekki komið sjónvarp á Íslandi og maður hafði í raun og veru aldrei séð út fyrir fjöllin, bara lifað þarna og búið þarna með þessi fjöll og ekkert nema fisk og sjó og fjöru. Og koma svo allt í einu til Reykjavíkur; ég þorði ekki inn í strætó! Þetta var virkileg bylting.

Tinna:

Hafðirðu ekki komið til Reykjavíkur áður?

Kogga:

Jú, ég hafði gert það en bara til að fara til læknis, fá gleraugu og svo-leiðis, ekki til þess að dvelja eða upplifa. Ég kom þá siglandi til borgarinnar með strandferðaskipi; Heklu, Esju eða Herðubreið.

Aðalsteinn:

Fannst þér losna um einhverjar hömlur?

Kogga:

Ég varð bara alveg snarvitlaus. Mér lá mikið á að upplifa sem mest og kynnast sem flestu. Öllu sem tengdist listinni og það var svo mikið að gerast í skólanum. Þetta var náttúrlega hippatíminn og hernámsandstæðingar voru að spreya úti á Keflavíkurflugvelli og nokkrir krakkar, sem voru með mér í bekk, voru á kafi í pólitík og stofnuðu Fylkinguna. Þetta var mikill umbrotatími og ég var náttúrlega mikill krakki en það tók mig samt ótrúlega stuttan tíma að tileinka mér þetta líf.

Aðalsteinn:

Þú ætlaðir að verða málari en á þessari mynd ertu í textíl sem þér leiddist óskaplega?

Kogga:

Pannig var að í skólanum voru tvö ár í forskóla og tvö ár í sérnámi. Á seinna árinu í forskóla voru tveir mánuðir þar sem maður fékk að prófa sérnámsdeildir, eina sérnámsdeild sinn hvorn mánuðinn. Ég ákvað að prófa textíl og keramik og fór fyrst í textílinn. Þessi mynd er tekin þar. Þetta var þína fyrir mig, svo mikið pillerí, svo lengi gert og allir þessir þræðir. Mér fannst þetta of mikil stærðfræði bara!

Tinna:

En kom ekki til greina að prófa málaraðeildina á þessum tíma?

Kogga:

Nei, það var ég búin að afgreiða. Ég komst að því mjög fljótlega að það var ekki mín leið. Ég hafði ekki löngun til þess að skapa á hugmyndafræðilegan hátt sem er aðall góðrar myndlistar. Ég fann að það var þrívídd, snerting við form og efni og að fá svolítið að róta, sem ég vildi. Það var ekki þetta huglæga.

Aðalsteinn:

Hér sjáum við mynd af ungum manni sem stendur við stór geometrisk málverk í Norræna húsinu, Magnús Kjartansson, sem hefur verið þinn lífsförunatur.

Kogga:

Já, við vorum bekkjarsystkin í skólanum. Við byrjuðum saman strax á fyrsta árinu, 1970. Mér leist strax mjög vel á hann; það er engin lygi. Hann tók ekkert eftir mér og ég gerðist svolítið skæð með því að setjast á borðið hjá honum ítrekað. Mér fannst hann mjög spennandi maður, spennandi karakter, hæfileikamikill og mér fannst hárið á honum alveg geysilega fallett. Ég tók upp á því að setjast á borðið þar sem hann var að vinna og það var ekki vegna þess að ég væri að reyna að eigna mér manninn heldur vegna þess að ég hafði svo gaman af því að horfa á hann vinna. Honum var alveg sama. Ég mátti alveg sitja þarna og hann hélt bara áfram. Mér fannst svo gaman að horfa á hann af því hann var svo fær.

Edda:

Finnst þér þú hafa lært mikið af honum?

Kogga:

Já, afskaplega mikið.

Aðalsteinn:

Þetta er hin eina opinbera brúðkaupsmynd af ykkur.

Kogga:

Já, þetta kalla börnin okkar „brúðkaupsmyndina“ af því að við erum ekki gift heldur höfum lifað saman í synd í 33 ár og þetta er eina myndin sem kemst nálægt því að vera brúðkaupsmynd. Þetta er tekið á heimili móður hans á skólaárunum. Hann er með hundinn sinn og hatt sem Kjarval átti. Ljósmyndarinn tók vasa af borðinu með blómum í og skellti honum í fangið á mér. Ég var á þessum tíma með þessi stóru Lennon-gleraugu. Þetta var hippatíminn; ég var fljót að skipta um gleraugu þegar ég kom í bæinn. Maður fattaði að maður mátti ekki vera hallærislegur. Maður var með þessi gömlu, eins og Brigitte Bardot, en svo kom maður í bæinn og þá voru allir komnir með þessi Lennon-gleraugu og ég var fljót að ná mér í þau.

Edda:

Varstu eitthvað að reyna að vera í tískunni? Mér hefur ekki fundist þú sérlega tilbúin að falla undir þá tísku sem tíðarandinn býður upp á.

Kogga:

Nei, það er alveg rétt hjá þér; ég er ekki höll undir tísku yfirleitt, en ég þurfti samt að vera gjaldgeng. Maður kemur úr sveitinni og ég hef ábyggilega verið mjög hallærisleg. Ég er alveg viss um það. Allt annar klæðaburður, annað fas, annað hátterni, annað málfar. Ég held að mér hafi ekki fundist þægilegt að vera ekki tekin með en ég var ekki tekin með til að byrja með. Mér var ekki boðið í bekkjarpartýin. Þegar við Magnús vorum að byrja saman þá var hann skammaður fyrir það af félögunum að vera að bjóða þessari sveitastelpu með. Þess vegna þurfti ég auðvitað að sanna mig.

Aðalsteinn:

En keramikin í skólanum, hvernig gengur það fyrir sig þegar þú byrjar þar í keramikinu?

Kogga:

Þá var keramikdeildin bara tveggja ára gömul þannig að það var ekki um margt að ræða í tæknimálum. En ég hafði svo sem ekkert vit á því.

Edda:

Hver var kennari?

Kogga:

Jónína Guðnadóttir. Hún var mjög finn kennari. En möguleikarnir voru ekki mjög margir. Þetta var ný deild og við höfðum bara jarðleir, ekkert postulín eða steinleir. Og bara eina tegund af brennslu. En þetta var alveg jafn skemmtilegt fyrir það af því þetta var alveg nýr heimur. Ég hafði ekki hundsvit á keramiki; ég hafði aldrei séð keramik áður.

Edda:

Voru bara stelpur í keramiki á þessum tíma? Voru einhverjir strákar í deildinni?

Kogga:

Ég held að það hafi nánast eingöngu verið stelpur í keramiki á Íslandi alla tíð. Það voru örfáir karlmenn á þessum tíma; Guðmundur frá Miðdal, Ragnar Kjartansson, Gestur Þorgrímsson, Haukur Dór, Magnús Þorgrímsson og nokkrir fleiri. Í dag eru fimmtíu manns í Leirlistafélagi Íslands og einn karlmaður.

Aðalsteinn:

Þér féll vel þessi kennsla?

Kogga:

Já, þetta var alveg óskaplega gaman.

Aðalsteinn:

Þannig að þú varst búin að afskrifa textíl og málverk og skynjaðir að þarna væri miðill sem hentaði þér? Sem þú gast „rótað í“?

Kogga:

Já, ekki spurning. Maður gat verið svolítið skítugur og fengið að hræra í fötum og skvettu svolítið.

Áhrif frá málverkinu

Aðalsteinn:

Ákváðuð þig Magnús síðan að fara til Danmerkur?

Kogga:

Nei, það var ekki alveg svona. Hann kláraði þrjú ár í skólanum hér heima og fannst hann ekki hafa neitt að gera meira og fór til Kaupmannahafnar 1972 og innritaðist í Den Kongelige Danske Kunstakademi. Hinn þekkti danski myndlistamaður, Richard Mortensen, var þar hans prófessor. En ég vildi klára skólann hér heima og fór út ári seinna.

Þarna er ég komin til Danmerkur í nám við Skolen for Brugskunst þar sem ég var sem akademískur nemandi. Þetta er hippatíminn. Þarna erum við að gera alls konar tilraunir, svo sem mismunandi útibrennslur, úti í garði hjá mjög færum dönskum keramikur, Finn Lynggård. Þetta er heima hjá honum. Þarna erum við með marga ofna, mismunandi brennslumöguleika, ofna sem við byggjum á staðnum. Þetta er rakú sem við erum að gera þarna og náttúrlega að fá okkur að borða og drekka bjór og brenna ýmislegt fleira!

Aðalsteinn:

Og þetta er í fyrsta sinn sem þú kynnist rakú?

Kogga:

Já. Þetta er skólavinna frá Kaupmannahöfn. Rennsluæfingar. Láta lokið passa, gera eitthvað voða fínt, vanda sig. Mjög skemmtilegt.

Tinna:

Hvernig voru áherslur í þessum skóla miðað við Myndlista- og handíðaskólann?

Kogga:

Það voru sams konar áherslur; eingöngu nytjalist. Danir eru og voru afar háðir sinni hefð, sinni sterku nytjalistarhefð.

Tinna:

Fóru dönsku nemarnir þá mikið að hanna fyrir fyrirtæki eftir þetta eða

voru þeir meira að búa til það sama?

Kogga:

Nei, þeir fengu mjög mörg tækifæri. Þeir mættu alltaf á sýningar skólans frá stóru fyrirtækjunum í Danmörku eins og Konunglegu postulínsverksmiðjunni og fengu nemendur, sem þeim leist vel á, til þess að hanna fyrir sig.

Aðalsteinn:

Þessi diskur, er þetta týpískt fyrir danska skólann?

Kogga:

Nei, alls ekki. Mjög ótýpískt. Þeir eru miklu hefðbundnari. Allt sem heitir flæði, pensilskreyting og að hella og dropa, það er ekki danskt. Það er allt of mikið málverk í þeirra augum.

Aðalsteinn:

Eru þetta hugsanlega tengsl við málverk Magnúsar?

Kogga:

Alveg örugglega mjög mikil áhrif af því að lifa og hrærast í heimi myndlistar með honum og öðrum myndlistarmönnum. Ég náttúrlega skoðaði mjög mikið myndlist. Miklu meira en nytjalist almennt og örugglega að einhverju leyti vegna hans.

Aðalsteinn:

Þú hefur horft meira til myndlistar en keramikur?

Kogga:

Já, miklu meira. Ég horfði mikið til eftirstriðsáranna í Bandaríkjunum í málverkinu. Til dæmis Klein, Motherwell og margra annarra málara sem mér fannst mjög spennandi. Ég var líka hrifin af evrópsku málurunum, eins og Klee og Matisse, og síðast en ekki síst, japönsku keramik. En Dönunum fannst þetta bara ekkert keramik, þeir skildu ekki að maður væri að gera svona. Allt hjá þeim eru þessi form; bollinn og allt þetta. Ég geri ekki lítið úr því; mér finnst það mjög skemmtilegt líka. Mér finnst það fullkomlega nauðsynlegt og þeir eru mjög góðir í því. En þeir voru svolítið fastir, svolítið bundnir af því að þannig ætti keramik

að vera. Það voru miklar diskusjónir um þetta. Hjá mér eru þetta áhrif frá málverkinu.

Edda:

Og þessi form hafa fylgt þér áfram?

Kogga:

Já, og þessi einföldu geometríska form. Þetta eru mjög tYPísk vinnubrögð, brennsla, glerjungar og annað.

Aðalsteinn:

Varð þér mikið ágengt; varstu mikilvirk í skólanum?

Kogga:

Já, ég var virkilega dugleg. En ég eyddi langmestum tíma í tilraunavinnslu, sennilega eyddi ég áttatíu prósent af tímanum í skólanum í glerjungatilaunir og tæknilaunir. Miklu meira en að búa til hluti.

Aðalsteinn:

En það er málari í þér þó að þú hafir afneitað málaraalistinni? Hann kemur bara fram með öðrum hætti?

Kogga:

Já, mér finnst gaman að gera tilaunir með efni og áferðir. Ég kaupi yfirleitt ekki glerjunga, ég bý þá til úr steinefnum úr náttúrunni sem ég kaupi að utan. Ég blanda þeim saman og bý til glerjunginn.

Aðalsteinn:

Þá erum við komin heim. Hvaða ár er þetta?

Kogga:

1975.

Aðalsteinn:

Hvernig er umhorfs þá hér heima í keramíki? Haukur Dór er byrjaður þá?

Kogga:

Já, hann er mjög áberandi og Jónína. Mjög sterk á Íslandi þegar ég

er að koma heim. Mér finnst þau bæði mjög góðir keramikerar og þau vinna bæði og unnu þá mjög hefðbundið, mikið með steinleir og renndu hraustlega. Sérstaklega Haukur. Mjög hraustleg og mikil ker. Mjög flott keramik.

Edda:

Hver var þeirra vettvangur? Voru það stúdíó eða verslanir? Hvar sýndu þau á þeim tíma?

Kogga:

Haukur opnaði Kúnígúnd á Skólavörðustígnum og seldi sína gripi þar og Jónína var í Heimilisiðnaðinum með sína gripi. Keramik var ekki í galleríum á þessum tíma.

Aðalsteinn:

Þannig að þú hefur þurft að finna þér vettvang til að sýna og selja?

Kogga:

Já, ég reyndi ýmislegt fyrir mér í því, til dæmis Íslenskan heimilisiðnað og meira að segja Blómaval. Það var ekki um margt að ræða, skal ég segja ykkur. Þetta var náttúrulega ekki gott umhverfi. Að fara með handgerða hluti, listgripi, inn á staði eins og Blómaval og setja gripina sína innan um innflutta fjöldaframleiðslu, var alveg út í bláinn. En hvað átti maður að gera?

Sólon og Langbrók

Aðalsteinn:

Segðu okkur frá þessum tilraunum með Gallerí Sólon.

Kogga:

Við vorum níu saman sem opnuðum Gallerí Sólon Íslandus árið 1976 sem var staðsett við hliðina á Morgunblaðshöllinni og var áður Langibar en hafði brunnið. Við gerðum upp brunarústirnar og breyttum í gallerí. Við vorum textílfólk, keramikfólk og myndlistarfólk, málara og einn listfræðingur, Aðalsteinn. Við vorum þarna að reyna að koma okkur

á framfæri. Ekki síður textílkonurnar og ég.

Tinna:

Varst þú þá eini keramikarinn?

Kogga:

Já. Þarna er Magnús Kjartansson, Steinunn Bergsteinsdóttir, ég, Sigurður Örylgsson og Örn Þorsteinsson. Svo voru líka Þorbjörg Þórðardóttir, Steingrímur Eyfjörð, Ásrún Kristjánsdóttir og Aðalsteinn Ingólfsson.

Aðalsteinn:

Varð þér ágengt í þessu galleríi? Fannst þér þú hafa erindi sem erfiði?

Kogga:

Okkur varð öllum ágengt fannst mér. Fólk var mjög ánægt með þetta. Þetta var nýjung á sínum tíma. Það voru náttúrliga til staðir eins og SÚM en þar voru öðruvísi áherslur. Við vorum þarna með sýningar en vorum samt yfirleitt alltaf með einhvers konar uppsetningu á staðnum dags daglega af öllu því sem við sjálf vorum að gera. Þó að við værum um leið með sýningar frá öðrum. Nýjung staðarins var einmitt sú að fólk gat keypt verk og tekið þau strax með sér heim. Þetta mæltist mjög vel fyrir. Þetta tók sem sagt tvö ár en þá misstum við staðinn. Þorkell Valdimarsson átti þennan stað, Keli Valda, og hann ætlaði að nota staðinn í annað. Við, konurnar úr Sólun Islandus, vorum ekki sáttar við að þetta væri búið og ákváðum að halda áfram og stofna nýtt gallerí og fá fleiri konur í hópinn. Við opnuðum þá Gallerí Langbrók uppi á Vitastíg.

Edda:

Hvernig gekk það nú með öllum þessum kvensum?

Aðalsteinn:

Já, segðu okkur nú opinskátt hver þín reynsla var.

Kogga:

Já, þetta voru nú átta ár sem er heillangur tími og það gerðist margt á þeim tíma. Í byrjun var þetta allt miklu léttara. Við vorum tólf til að

byrja með, síðan fjórtán, og síðan bættust tíu við það en þá vorum við komnar niður á Bernhöftstorfu. Mér fannst þetta alltaf verða þyngra og þyngra í vöfum og ég var orðin svolítið þreytt á þessu fyrirkomulagi þegar það var komið út í það að mæta á fundi til að ákveða lit á umbúðapappír eða eitthvað svoleiðis. Mér fannst það ekki mjög imponerandi. Endalausir fundir um ekki neitt.

Aðalsteinn:

Var þessi mikli fjöldi nauðsynlegur, rekstrarlega?

Kogga:

Nei, ég held að okkur hafi bara langað í nýtt blóð. Við héldum kannski að Langbrók myndi ganga betur með nýju blóði en okkur gekk ekki nógu vel. Það var lítil sala og flestar borguðu með sér í reksturinn. Ég var aldrei alveg sáttt við þennan rekstur og var svolítið upp á kant við sumar því ég vildi markaðssetja Langbrók og þessar konur sem voru að starfa þarna. Ég vildi auglýsa og keyra þetta alla leið. En það voru ekki allar sammála því og þá hætti ég í Langbrók.

Aðalsteinn:

Af hverju voru þær á móti því að markaðssetja sig?

Kogga:

Það var náttúrliga alls ekki tíðarandinn. Það var ekki til siðs að listamenn markaðssettu sig eða auglýstu sína vöru. Það hefur svo mikið breyst að þessu leyti. Í dag er meira að segja kennd markaðssetning í listaskólum. Á þessum tíma jaðraði við að fólk skammaðist sín fyrir að segja frá því að það seldi verkin sín. Sá tíðarandi ríkti mjög mikið, finnst mér, að ef þú seldir verk þá væri það ákveðið merki um að þú værir slakur listamaður. Það er mín tilfinning. Þannig að sumir voru ekki hrifnir af því að segja frá því að þeir seldu. Mér fannst þetta mjög mikill öfugsnúningur og var ósátt við þetta. Ég vildi reyna að lifa af þessu og reyna að fara alla leið.

Edda:

En hver finnst þér vera vettvangur fyrir keramik á Íslandi í dag? Hvar sýnir fólk? Verða allir að búa til sín eigin stúdíó?

Kogga:

Ég sé eiginlega engan ákveðinn vettvang fyrir keramik eða aðra hönnun á Íslandi í dag. Það eru allir, sem eru að rembast við þetta, að gera þetta á eigin forsendum, opna sitt eigið, opna sameiginleg gallerí, eru að standa í því að búa til verkin, hanna þau, selja þau og markaðssetja þau. Það fer allt of mikill tími í að reyna að koma sér á framfæri á meðan tíminn ætti að nýttast manni betur í að skapa, halda áfram og bæta við.

Aðalsteinn:

En keramikið sem þú varst að gera á þessum Langbrókartíma, er þetta sýnishorn af því?

Kogga:

Nei, þetta er Sólontíminn, um 1976.

Aðalsteinn:

Þarna er áfram einfaldleikinn sem kemur frá Danmörku?

Kogga:

Nei, einfaldleikinn kemur ekki frá Danmörku, alls ekki og þvert á móti. Þetta er bara mín löngun til að skapa einfalda hluti, svolítið í anda við japanskt keramik. Eins og þetta málverk sem ég var að tala um áðan, ég er líka undir áhrifum frá mannum mínum. Þetta er mjög ódanskt keramik.

Edda:

Hvað er í keramikinu sem hefur haldið áhuga þínum í þessi þrjátíu ár sem þú hefur starfað?

Kogga:

Efnið, vinnan, vinnubrögðin, nálgunin við hráefnið, snertingin.

Edda:

Þú hefur aldrei orðið leið á þessu?

Kogga:

Nei, aldrei. Ég skil ekki að það sé hægt. Það er mín tilfinning.

Edda:

Hafa söfn á Íslandi keypt hluti eftir þig?

Kogga:

Listasafn Íslands hefur þá stefnu að þar er ekki keypt nytjalist. Ég á að vísu eitt verk á Listasafni Íslands og það er tiltölulega stutt síðan það var keypt en það er ekki týpískt keramikverk. Það er annað uppi á teningnum þar og það segir sína sögu. Það er nýtilkomið hönnunarsafn þannig að ekki hefur hönnunarsafn verið að kaupa af manni og ekki hefur það of mikla peninga.

Tinna:

Hefurðu gefið Hönnunarsafninu gripi?

Kogga:

Já, ég hef gert það. Listasafn Reykjavíkur á reyndar líka hluti eftir mig og Listasafn Hafnarfjarðar.

Aðalsteinn:

Viltu segja eitthvað meira um þessa mjög svo einföldu gripi?

Kogga:

Þetta er eiginlega byrjunin á mínum vinnubrögðum eins og þau eru í dag. Þetta eru innlagningar, litaður postulínsleir og litaðar innlagningar lagt ofan í og formað eftir á. Þetta er samt mjög gamalt, frá 1984.

Aðalsteinn:

Það er heilmikil teikning í þessum hlutum og hefur alltaf verið. Þannig að málarinn er ennþá inni í þessum prósess öllum.

Kogga:

Já, en ég hef mestan áhuga á einfaldleika og áferðum. Diskurinn sem var á myndinni áðan; hann er til dæmis frekar upphleyptur. Tinna sagði um daginn, og mér fannst það gott hjá henni, að þetta væri eins konar blindraletur.

Tinna:

Ég hef verið að skoða þessi verk eftir þig og hef ekki ennþá fundið

einlitan hlut. Það er eins og formið grípi meira, að vinna í einföldu formi og með yfirborðið. En það er samt sem áður líka þrívítt munstur.

Kogga:

Þetta er ekki alveg rétt. Ég hef mjög oft gert einlita hluti.

Aðalsteinn:

Skiptir þá máli hvernig hlutirnir eru handfjatlaðir?

Kogga:

Já, mér finnst það.

Aðalsteinn:

Það er ekki bara augað? Þú vilt gjarnan að höndin skynji?

Kogga:

Já, mér finnst það alveg nauðsynlegt.

Aðalsteinn:

Segðu okkur frá þessari ljósmynd. Hvar ertu stödd?

Kogga:

Þetta er á fyrsta verkstæðinu mínu hérna í Reykjavík. Þetta er árið 1976. Þá er ég í Sólon Islandus.

Tinna:

Hvernig gastu opnað verkstæði nýkomin úr námi? Fékkstu einhvern stuðning?

Kogga:

Það var virkilega langur og erfiður ferill. Það var ekki auðvelt, fyrst og fremst af því ég var kona. Það var engin trú á það. Ég gekk á milli manna til að útvega mér fjármagn til þess að koma mér upp verkstæði, kaupa ofn og ýmsar græjur. Ég fékk það beint framan í mig að þar sem ég væri ung kona, myndi ég fljótlega gifta mig og eignast börn og svoleiðis. Þeir gætu ómögulega lánað mér í svona hættuspil því að ég gæti aldrei borgað þeim til baka. Þetta voru bankastjórar og þeir sem voru yfir sjóðum, til dæmis lðnlánasjóði. Þetta var virkileg þrauta-

ganga. Það endaði með því að ég fór og talaði við Sverri Hermannsson, sem þá var iðnaðarráðherra, og hann lyfti upp tóli og hringdi í einn sjóðamanninn og sagði honum að gjöra svo vel að láta þessa konu hafa það sem hún bæði um. Honum fannst þetta hneisa. Ég á honum það að þakka að hann tók af skarið þarna.

Tinna:

Fluttirðu þá inn ofn eða smíðaðirðu hann sjálf?

Kogga:

Ég keypti hann og flutti hann inn.

Tinna:

Þarf leirlistarmaður kannski ekki mikið meira en ofn og leir, eða hvað?

Kogga:

Jú, maður þarf ýmiss konar verkfæri og mjög fjölbreytt úrval af hráefnum. Sérstaklega ef maður er að blanda saman sjálfur öll sín litarefni, glerjunga og allt sem til þarf. Þá er stofnkostnaðurinn ansi mikill.

Tilraunir og einföld form

Aðalsteinn:

Erum við komin að Búðardalstímabilinu?

Kogga:

Já, þetta er 1980. Ég var beðin að gera rannsóknir á íslenska leirnum í Búðardal. Það var áhugamannafélagið Dalaleir sem stóð fyrir því og löntæknistofnun. Þá höfðu verið gerðar margar tilraunir með Búðardalsleirinn, meðal annars af Guðmundi frá Miðdal, og sýni höfðu verið send til útlanda en það kom aldrei neitt út úr því. Þá langaði svona endanlega að gera út um það hvort þetta væri nýtilegur leir. Ég var fjögur ár að rannsaka efnið, hreinsa það með ýmsum aðferðum, bæta í það ýmsum efnum, meðal annars íslenskum hráefnum eins og vikri og sandi og innfluttum hráefnum líka. Löntæknistofnun tók þátt í að finna út hvaða efni það ættu að vera. Þetta var alveg ótrúlega mikil vinna, allt skrásett og merkt og veðrunarpolsprófað. Þá langaði mest til að

hefja framleiðslu, bæði á listgripum og byggingarvörum. En því miður þá er íslenski leirinn illa nýtilegur. Það kom í ljós að þetta er ekki einu sinni leir. Þetta er efni sem heitir „montmorillanite“ og hefur í rauninni ekki í sér þau eigindi sem þurfa að vera til staðar í leir til þess að hann sé nýtilegur. Jarðfræðilega er Ísland enn of ungt til þess að leirinn hér sé nægilega gott hráefni.

Aðalsteinn:

Þannig að Guðmundur frá Miðdal hefur blandað hann mikið?

Kogga:

Já, hann hefur blandað hann til helminga með dönskum leir.

Aðalsteinn:

Var eitthvað af honum nýtilegt til einhvers? Með skynsamlegri blöndu?

Kogga:

Nei, ég mundi ekki segja það. Þegar þú mótar úr leir þá stendur hann eins og þú skilur við hann. En þegar þú ert að móta úr Búðardalsleir þá kemur hann með þér til baka. Hann situr eftir eins og smjör. Hann springur illa í þurrki og hefur ýmiss konar vandamál sem ekki er hægt að leysa. Framleiðsla úr leirnum í stórum stíl svarar ekki kostnaði en ýmsar aðferðir eru samt mögulegar til að nýta þetta fallega hráefni.

Aðalsteinn:

Það er sama hvað þú ert mikið að gera tilraunir, þú heldur þig við tiltölulega einföld grunnform?

Kogga:

Já, verkin mín frá þessum tíma og til dagsins í dag eru meira og minna bara frumformið.

Þetta eru áhrif frá Búðardal, þetta er sveitarómantik. Þetta er rennt postulín, svolítið stórt. Þetta er sveitafélag þar sem allt snýst um mjólk, um Mjólkurbúið í Búðardal. Þarna voru alls staðar þessir brúsar og því miður voru þeir að skemmast, týna tölunni. Ég var dálítið hissa á því með brúsana að þeir voru á sýningu á sínum tíma á Kjarvalsstöðum sem hét „Ungir myndlistamenn“. Það var eina keramikið sem var þar.

Þarna er ég komin til Bandaríkjana á Haystack Mountain, árið 1984. Þarna í rauninni hverf ég aftur til fyrri vinnubragða vegna þess að þarna var verið að taka fyrir brennslu sem ég hafði ekki kynnst áður. Meðal annars gasbrennslu, olúbrennslu, holubrennslu og ýmislegt fleira. Þarna var mjög fær kona í postulínsvinnu að kenna mér. Hún hafði til dæmis gert allt matarstellið fyrir Hvíta húsið. Hún kenndi okkur ákveðin vinnubrögð í gasbrennslu við postulínsvinnu sem var afskaplega gaman að kynnst. Þannig að þarna fer ég aftur á rennibekkin við eldri form. Kannski kemur málarinn þarna aftur upp í mér.

Tinna:

Þetta Haystack-námskeið hefur komið á góðum tíma fyrir þig, eða hvað?

Kogga:

Þetta var afskaplega gaman. Þetta voru þrjár vikur og ég lærði alveg óhemju mikið.

Edda:

Ég tek eftir því í dag í íslenskri keramik að margt er alls ekki rétt uppbyggt. Hallandi, stendur ekki, óvandaðir botnar. Það er eitthvað sem ég hef aldrei séð hjá þér. Maður sér mjög mikið af óvönduðum frágangi sem mér finnst vera mjög mikið atriði að sé í lagi.

Kogga:

Það skiptir mig ekki minna máli að hluturinn sé fallega unninn, vandaður. Botninn og allt annað er jafn mikilvægt.

Þetta er holubrennslan sem ég lærði í Bandaríkjunum. Þetta er gömul indíánaaðferð; að grafa hlutina í jörðu og nota lífræn efni eins og hrossatað og fleira til að brenna með. Til að fá liti og þessa svurtu og blæbrigði. Það er enginn glerjungur. Upphaflega þekktu indíánarnir ekki glerjunga. Þegar þeir gerðu verkin sín vatnsheld þá nudduðu þeir leirinn annað hvort með verkfærum eða steinvöllum til að loka yfirborðinu. Það var indíánakona sem kenndi mér í Bandaríkjunum og hún sagði okkur frá þessum aðferðum.

Aðalsteinn:

Er það ekki rétt að þér hafi verið bannað að vinna útibrennslu þegar þeir Reagan og Gorbatsjov hittust?

Kogga:

Jú. Við Magnús byggðum geysilega fínan ofn úti á Laugarnestanga, niðri í fjöruborðinu, til að brenna rakú. Hann var niðri í fjörinni, undir barðinu, þannig að hann sást varla. Nema bara reykurinn. Það var oft ansi mikill strókur upp. Það er eiginlega bein lína þaðan sem við búum í Laugarnesinu og niður í Höfða. Þegar Reagan og Gorbatsjov voru að funda þá komu verðir sem voru hræddir um að þarna væri verið að fremja einhver hættuspjöll gagnvart forsetunum. Þeir tóku alveg fyrir það að þarna væri verið að gera tilraunir með eld. Þannig að þetta lá niðri í tvo daga.

Hlé**Samvinna tveggja listamanna****Aðalsteinn:**

Velkomin aftur. Við erum hér á árinu 1985 þegar Kogga er nýkomin frá Haystack. Þetta eru hlutir sem verða til hérna heima.

Edda:

Þarna eru faglega gerðir tappar.

Kogga:

Já, hann Magnús Kjartansson gerði þessa trétappa. Hann litaði þá líka og reyndi að ná sömu tónum og í krúsunum.

Aðalsteinn:

Þannig að þegar kemur fram á níunda áratuginn þá er Magnús orðinn töluvert mikill þátttakandi í því sem tengist þér?

Kogga:

Já, svona upp úr 1980.

Aðalsteinn:

Það eru til fordæmi náttúrlega; hjónin Gestur og Rúna, Guðmundur og Lydia.

Kogga:

Já, en það var samt mjög ólíkt. Rúna er myndlistarmaður sem tekur flöt Gests og skreytir hann eins og myndverk að mörgu leyti. Minn skilningur er þannig á þeirra samstarfi. En við höfum blandað meira saman bæði formvinnu og skreyti og öðru. Komið að öllu verkinu bæði tvö.

Aðalsteinn:

Geturðu lýst í hnotskurn slíku ferli?

Kogga:

Þegar við erum að vinna saman er ekkert endilega svo mikið ákveðið fyrirfram. Við treystum hvort öðru mjög vel. Annað okkar kannski byrjar á verkinu og hitt tekur við og það getur kannski gerst nokkrum sinnum á leiðinni að endapunkti. Þetta á bæði við um skreytinguna og mótunina. Magnús kemur oft líka að mótun verkanna. Hann hefur hannað formin á mörgu af því sem ég hef verið að gera á undanförunum árum, því sem maður getur kannski kallað framleiðslulínu, það er því sem er stöðugt verið að gera.

Öðruvísi hugmyndafræði

Aðalsteinn:

Talandi um framleiðslulínu; við erum hér með auglýsingu varðandi framleiðslulínur.

Kogga:

Já, þarna kynnist ég öðruvísi hugsun. Það hefur samband við mig maður til Búðardals, Jón Karlsson, forstjóri Iðunnar bókaforlags. Hann var með Veraldarklúbbinn og hann ákvað að bjóða klúbbmeðlimum nytjalist. Mér fannst hann ansi djarfur og hugaður því þetta er nú ekki það auðveldasta í pakkningum og öðru. Hann bað mig að hanna þrjú vínsett og ég ákvað að slá til og vann þetta í Búðardal. Mér algjörlega blöskruðu viðbrögðin því ég fékk pöntun upp á 130 vínsett! Það var meira en að segja það því ég þurfti að handvinna hvert einasta stykki og það voru átta staup með hverri karöflu! Nú, ég varð að gjöra svo vel

og standa við þetta þar sem búið var að bjóða klúbbsmeðlimum upp á þetta.

Þetta er í fyrsta skipti sem ég kynnist einhverjum sem hugsar á markaðslegan hátt og það hafði mjög mikil áhrif á að ég hætti í Langbrók á sínum tíma og ákvað að fara inn á aðra braut, hefja markaðssetningu. Til að mynda kom margt fram í textanum frá Jóni sem mér hefði aldrei dottið í hug að segja um sjálfa mig. Eins og „listakona sem á fáa sér líka“. Þarna er ég algjör byrjandi og enginn veit hver ég er og hann bara segir þetta! Hann er sá sem sýnir mér fram á að ef maður ætlar að fá einhvern til að trúá á sig og það sem maður stendur fyrir þá verður maður líka að þora að segja það sjálfur. Þetta er 1982 og þetta er í fyrsta skipti sem ég kemst í tæri við þessa hugmyndafræði.

Aðalsteinn:

Ég hegg eftir því hérna líka að þú ert skilmerkilega titlaður „keramiker“.

Kogga:

Ég var afskaplega ánægð með það. Ég myndi vilja hafa það starfsheiti.

Aðalsteinn:

Þú hefur dálítinn ímugust á starfsheitinu „leirlistarmaður“.

Kogga:

Já, mér finnst það mjög vont orð. Bara hreinlega. Mér finnst það tilbúið, ekki eðlilegt. Mér finnst fólk rugla saman orðunum „leirkera-smiður“ og „leirlistarmaður“. Staðreyndin er sú að þetta eru tvö ólík störf. „Leirkerasmiður“ er sá sem er iðnmenntaður og fer þá leiðina að fara til meistara og vinnur þá meira framleiðslukeramík, ekkert endilega með sínum stílbrögðum. Aftur á móti er „leirlistarmaðurinn“, sem er hin íslenska þýðing á „keramiker“, listmenntaður keramiker sem er þá ef til vill líka hönnuður og hefur annan grunn að því sem hann er að gera. Fólk ruglar þessu gjarnan saman. Mér finnst þetta vont orð og ég vil nota „keramiker“. Það er notað alls staðar í heiminum.

Tinna:

Ég held að þetta sé vegna þess að myndlist var þekkt þegar þessi

hönnunarfyrirbrigði fara að koma til landsins og það er alltaf verið að tengja þau myndlistinni. Ég hef sjálf sýnt hönnunargripi og ef það voru jákvæðir dómar í blöðunum þá var hönnuninni líkt við list eða myndlist. Það var eins og gæðastimpill ef hönnunin þótti þökkaleg. Það er þetta listahugtak sem ég held að rugli svolítið. Ég held að fólk hafi ekki vitað hvað „hönnun“ var, þetta er nýyrði frá 1962 þegar það sást fyrst.

Aðalsteinn:

Aðeins fyrr.

Tinna:

Já, um svipað leyti og verkfræðistofan Hönnun er stofnuð. Þetta hefur truflað mig talsvert mikið, þetta sambland eða afmörkun myndlistar annars vegar og hönnunar hins vegar. Það er stórt grátt svæði í miðjunni sem mér finnst sjálfsagt að fólk leiki sér á. En mér finnst líka allt í lagi að vera öðru hvorum megin við og persónulega lít ég á þetta sem álíka mikilvæg svið, hönnun og myndlist. Ég hef aldrei upplifað þetta sem eldri kynslóðin talar um að fólki hafi þótt hönnuðir eða nytjalist vera skör lægra.

Kogga:

Mér finnst hönnun ekki vera skör lægra heldur finnst mér það vera annað. Mér finnst ekki rétt að vera að tefla þessu saman, eins og annað sé æðra en hitt. Mér finnst þetta vera spurningin um að hver og einn sé fullkomlega sáttur við að vera það sem hann er og vinni það vel sem hann er að gera.

Tinna:

Þetta virðist hafa verið komplex síðustu áratugina. Ég held samt að þessi komplex sé deyjandi, það eru komnar hönnunardeildir í Listaháskólann og ég held að fólk fari að verða afslappað gagnvart þessu og geti tekið einhver hliðarskref. Ég, fyrir mína parta, þorði aldrei að taka skrefið út í myndlistarheiminn; ég þurfti alltaf að hafa þetta notagildi í kringum hlutinn. Kannski með tveimur undantekingum, af því að ég var að reyna að halda mig hönnunarmegin á línunni. Það var mín leið að vera ekki að fara inn í þessa umræðu.

Kogga:

Þetta er ekki ósvipað því sem ég sagði strax í byrjun þegar Aðalsteinn

spurði mig um málverkið, hvort mig hafi ekki langað meira í það og hvort ég hafi verið búin að afgreiða það. Það var nákvæmlega þetta. Það var ekki spurning um að ég þyrði ekki eða gæti það ekki, heldur einfaldlega að ég skynjaði að það var bara ekki mín leið. Hver setur nytjahluti skör lægra? Hver er dómarinn; hver ákveður það? Ég get ekki verið að velta mér upp úr því daginn út og inn hvort ég er í óæðri list. Ég er í þessari list og valdi hana. Ég er mjög sátt við hana og er fullkomlega ánægð. Ég hef ákveðið það fyrir löngu fyrir sjálfa mig en ég er alltaf að lenda í að þurfa að verja það.

Kogga

Aðalsteinn:

Er tímabært að tala um galleríið?

Kogga:

Já, já. Það er í beinu framhaldi af því sem við vorum að tala um áðan. Þennan mann. Hann kveikti í mér, hann Jón Karlsson. Það var í raun og veru markaðssetning sem hann gerði þarna á mér og ég fór að hugsa: Af hverju er maður svona hræddur við að standa fyrir það sem maður er að gera? Hvað er svona rangt við það að taka þetta alvarlega og líta á þetta eins og fólk gerir í öðrum starfsgreinum? Af hverju þarf listin alltaf að vera að fela sig á bak við einhverja gamla hugmyndafræði um hvað er til siðs? Í dag þykir öllum sjálfsagt að markaðssetja sig í listum. Ég hugsaði með mér að ég hefði engu að tapa.

Edda:

Þú hefur bara verið á undan þínum tíma.

Kogga:

Að vissu leyti hef ég verið það en það var alls ekki auðvelt og ég hefði örugglega ekki gert það án Jóns Karlssonar. Hann gerði sér alveg grein fyrir því í hvaða stöðu ég var. Ég átti ekki mikið af peningum og var að koma frá Búðardal, búin með rannsóknirnar og á leiðinni aftur til Reykjavíkur með aleiguna í Trabantinum. Þetta var svolítið eins og að byrja upp á nýtt af því að það var ekkert verkstæði sem beið mín í Reykjavík.

Ég skildi verkstæðið eftir í Búðardal sem var í raun og veru þriðja verkstæðið mitt. Þegar ég kom til baka til Reykjavíkur stóð ég frammi fyrir því að þurfa einu sinni enn að fara að setja upp verkstæði.

Á fundi í Langbrók kom Þorsteinn Bergsson að orði við okkur konurnar og sagði okkur að það væri að losna þetta skemmtilega pláss niðri á Vesturgötu og að Minjavernd væri að gera það upp. Hann spurði hvort einhver okkar hefði áhuga á þessum kjallara og ég ákvað að kíkja. Það var alls ekki hugmyndin að setja upp gallerí eða söluaðstöðu, ég var bara að hugsa um verkstæði. Ég fór síðan að hugsa málið og velta upp hugmyndinni við Magnús og við ræddum við annað fólk, þar á meðal Jón Karlsson og hann sagði mér að kaupa þetta bara, ekki leigja það. Og ekki bara sem verkstæði heldur að opna mitt eigið gallerí í leiðinni. Mér fannst þetta alveg fáránleg hugmynd. Ég sagðist ekki eiga neina peninga og ekki þora. Hann sagðist bara ætla að lána mér persónulega og það gerði hann. Hann lánaði mér peninga til að fara af stað með þetta og byrjaði á að panta tólf manna matarstell fyrir sjálfan sig svo ég hefði eitthvað að gera og hefði eitthvað sem ég gæti selt.

Þetta var afskaplega nýtt fyrir mér og mér fannst þetta svo spennandi en var samt við sama heygardshornið: „Hvað á ég að kalla þetta? Þetta er eins og gryfja. Ég kalla þetta bara Gryfjuna.“ Og þá sagði hann: „Hvaða kjaftæði er þetta, þú kallar þetta bara Kogga“. Ég spurði hann hvort hann væri vitlaus, hvort ég ætti nú að fara að setja nafnið mitt þarna upp. „Auðvitað gerir þú það“, sagði hann. Það tók langan tíma, ég ætlaði ekki að fást til þess, mér fannst þetta ógnvekjandi tilhugsun. En hann sagði að annað kæmi ekki til greina. Magnús bakkaði mig líka upp. Þannig að ég hugsaði: „Ókei, ég geri þetta, ég stend og fell með þessu“. Það var allt sett í gang og fenginn maður til að hjálpa til við að setja upp innréttingar og ég bjó til bækling og nafnspjald sem ég hafði ekki heldur gert áður. Það var allt tilbúið þegar opnað var árið 1985. Mér fannst þetta alveg óhemju gaman.

Aðalsteinn:

Þannig að galleríið er 18 ára í dag.

Kogga:

Þetta gekk samt eiginlega lengra en þetta vegna þess að upp úr þessu þá gerðist ég ennþá djarfari. Ég veit ekki hvort ég væri svona djörf núna.

Ég fór það langt að ég fór að auglýsa í tímaritum. Heilsíðuauglýsingar sem kostuðu fullt af peningum en ég hugsaði: Af hverju ekki að prófa? Af hverju er ekki hægt að taka listiðnað, hönnun og markaðssetja það og fá fólk til að gefa því séns, alveg eins og einhverju innfluttu dóti?

Aðalsteinn:

Fannst engum það sérkennilegt?

Kogga:

Jú, mörgum. Ég fékk að heyra ýmislegt. Að ég væri eins og kaupmaðurinn á horninu, að ég væri sölumaður og ýmislegt fleira. Ég vissi ekki hvort ég ætti að taka þessu sem hrósi. Og auðvitað fannst mér þetta stundum erfitt. Það fannst ekki öllum þetta vera við hæfi.

Tinna:

En hvernig finnst þér nálægðin við kunnann, nú kemur hann inn og spjallar heilmikið við þig?

Kogga:

Alveg ómetanleg. Óhemju skemmtileg. Að hanna hlut, búa hann til, markaðssetja hann, selja hann, pakka honum inn og rétta fólk, mér finnst þetta allt alveg óskaplega skemmtilegt.

Aðalsteinn:

En þinn kaupendahópur, eru það Íslendingar eða útlendingar? Því að þú ert alveg í Grófinni þar sem skemmtiferðaskipin koma?

Kogga:

Það koma engir útlendingar af skemmtiferðaskipunum til mín. Þeir fara beint upp í rútur að Gullfossi og Geysi og aftur um borð og í burt. En ég hugsa að hlutfallið sé mjög jafnt. Útlendingatíminn er svo stuttur, þrír til fjórir mánuðir í mesta lagi. Nei, ég hugsa að það sé meira af Íslendingum en ég veit það ekki.

Smærri hlutir

Aðalsteinn:

Verða breytingar á keramikinu, útlitinu, eftir að þú byrjar með galleríið?

Kogga:

Já. Verkstæðið á Vesturgötunni er mjög lítið; það takmarkar strax stærðarmöguleikana. Það kallar líka á ákveðin vinnubrögð að vera á staðnum og vera alltaf með opið. Ég verð að velja ákveðna vinnslumöguleika. Margt má ekki þorna, má ekki standa. Ég get ekki verið að gera stór verk og hlaupa frá, fyrir utan að þegar maður er að vinna stór verk, þá oft á tíðum tekur það mann allan. Ég þurfti að aðlaga mig að því að vera að hlaupa fram og sinna fólki og fara inn aftur. Þannig að vinnsluferlið og val mitt á vinnubrögðum mótaðist smám saman af því. Hlutirnir eru smærri og vinnsluferlið fer fram á ákveðinn hátt, það er að segja, ég stend kannski ekki endilega með blautan hlut sem verður að skreyta akkúrat núna, heldur er ég með skreyti og ýmislegt tilbúið undir plasti og get púslað því saman þegar tækifæri gefst.

Aðalsteinn:

Erum við að tala þarna um grunninn að innlagningar- og innsetningar-aðferðinni?

Kogga:

Já, hvernig hún þróaðist.

Aðalsteinn:

Lýstu aðferðinni, að hve miklu leyti hún er frábrugðin hefðbundinni uppbyggingu á leirnum.

Kogga:

Já, fyrst og fremst er hún frábrugðin að því leyti að hún fer fram á fullkomlega öfugan hátt við það sem oftast nær er ferli í keramik. Þegar maður er að vinna keramik þá formar maður oftast nær hlutinn fyrst. Síðan tekur maður ákvörðun um hvernig hluturinn á endanlega að líta út, bæði í áferð, skreyti, glerjung og öllu þessu. Ég geri þetta eiginlega öfugt því ég bý til áferðirnar, skreytið og útlitið fyrst. Ég bý það til í leirinn og ríf hann síðan allan niður í smáar einingar og púsla honum síðan saman aftur og byggi um leið upp hlutinn. Í rauninni tek ég leirinn og sker hann niður í ræmur og forma hann úr ræmunum og læt þær halda sér. Þannig að ræmurnar eru orðnar skreyting.

Hugmyndirnar koma af nánd við íslenska náttúru: Fjaran, sandurinn,

jökulruðningur, sprungin mold, allt sem hefur strúktúr og áferðir og ... snertanlegt blindraletur!

Aðalsteinn:

Þessi aðferð er orðin ansi mikið viðtekin, að minnsta kosti hér á Íslandi. Í gjafaverslunum og annars staðar. Þessi aðferð hefur verið mikið notuð, sem er í raun og veru þín aðferð?

Kogga:

Já og auðvitað er ég ekki ánægð með það. Það er ekkert að því að verða fyrir áhrifum. Ég hef sjálf orðið fyrir áhrifum af hinu og þessu, öðrum listamönnum og því sem ég sé í kringum mig. Það er ekkert nýtt undir sólinni þannig. En þegar hlutir eru teknir beint, alveg nákvæmlega eins og þeir koma fyrir og engu bætt við, bara tekið hrátt og notað, það finnst mér ekki nógu gott. Þetta er jafnvel fólk sem kallar sig keramikera og hefur engu bætt við frá sjálfu sér.

Aðalsteinn:

Þarna erum við komin í postulín. Áferðin er orðin mjög mikilvægur hlutur í þessum verkum.

Kogga:

Þetta er fyrstu tilraunirnar, mjög upphleypt. Þetta er svona um 1986. Mér fer heilmikið fram eftir þetta. Ég er mjög mikið að horfa á hrúðurkarla í fjörunni á þessum tíma. Ég kem úr fiskiporpi þannig að ég hef gaman af að nota net og ýmislegt annað.

Þetta er líka mjög gamall hlutur. Þetta er svona til að sýna hvernig þetta byrjaði. Þetta byrjaði svona gróft. Þarna er til dæmis þessi spírall sem er heilmikið notaður í dag en hann var það ekki þarna. Þannig að þetta er barn síns tíma.

Aðalsteinn:

Þannig að þú notar mjög einföld frumform til þess að geta leikið þér með yfirborðið?

Kogga:

Já, ég áttaði mig á að ef ég ætlaði að nota svona mikið áferðir og

skreyti og liti þá yrði ég að halda mig við mjög einföld form. Það þýddi ekki að vera með mikla formmótun og bæta síðan við öllu þessu skreyti. Þannig að ég ákvað að taka frumformin eins og þau koma fyrir og skeyta þeim saman á mismunandi vegu.

Tinna:

Ég hef verið að skoða Memphis-hópin nýlega sem varð til á Ítalíu árið 1981 og var mjög aktívur fram undir 1990. Keramikið þitt minnir mig að mörgu leyti á verk þeirra nema hvað það er svart-hvítt. Þar eru hins vegar þessi ofsalitir en þar sér maður líka hvernig formin slitna hvert frá öðru og eru ekki að renna saman í eina heild, til dæmis eru lappirnar kannski ein eining og hornin önnur og stútur settur ofan á. Ég var að reyna að tengja þig saman við eitthvað sem ég þekki, innan hönnunarsögunnar, en ég get einhvern veginn hvergi staðsett þig sem sýnir þitt sjálfstæði og leit þína inn á við. Þannig að það var bara góð niðurstaða. Ég hélt að ég myndi finna meiri tengingar.

Áhrif frá umheiminum

Aðalsteinn:

Þegar hér er komið sögu; ertu enn að horfa til myndlistar, eins og þú gerðir þegar þú varst yngri, eða til hönnunar eða er það náttúran?

Kogga:

Ég horfi yfirleitt ekki til hönnunar. Ekki mikið. Ég fylgist vel með hönnun og skoða hana en það er meira náttúran og myndlist og þá helst Austurlönd, Asía. Ég hef alltaf skoðað hluti frá Asíu mjög vel, allt gamalt. Ekki endilega keramik. Allt þetta gamla, te-serimónían finnst mér til dæmis alveg óskaplega heillandi. Mér finnst kannski mestu áhrifin hjá mér vera þaðan. Og svo bara málverk. Ég hef mikið horft á myndlistarmenn eins og Matisse, Brancusi, Kle og Mondrian.

Tinna:

Þú hefur sýnt nokkrum sinnum í Japan. Færðu meiri viðbrögð þar en annars staðar, finnst þér?

Kogga:

Nei, ekkert meira. En ég fæ öðruvísi viðbrögð frá Austurlandabúum á verkstæðinu á Vesturgötunni. Það er óskaplega gaman að fá fólk frá Austurlöndum, það skoðar allt öðruvísi. Sérstaklega Japanir sem koma inn og skoða. Þeir byrja á að snúa hlutum við, skoða hvernig hann er unninn, skoða botninn. Þeim finnst ekkert varið í hlutinn ef hann þolir ekki nána skoðun. Það er mjög gaman að fá þessa sýn af fólkum sem hefur þessa miklu sögu, þessa miklu menningu. Austurlandabúar voru að gera frábært keramik, kannski 7000 árum fyrir Krist.

Edda:

Hvað með sýningarmöguleika á svona gripum erlendis, færðu sýningar-tilboð erlendis frá?

Kogga:

Já, ég fæ þónokkuð af því en það er kannski ekki alltaf nógu raunhæft því það er ekki auðvelt að flytja keramik á milli staða. Það er brothætt og þarf miklar pakkningar og tryggingar sem kosta heilmikið. Gallerí, sem sýna keramik, eru líka mun færri en gallerí sem sýna almenna og sérhæfða myndlist. Þannig að það er ekki auðvelt að komast í réttu tengslin.

Aðalsteinn:

Þetta er alveg sérstakur heimur, þessi keramik-heimur, er það ekki? Og mjög lítil samskipti?

Kogga:

Já, það er annað fólk sem sýnir þetta og safnar. En það eru til mjög áhrifamiklir keramik-safnarar um allan heim sem virkilega helga sig þessu og eiga mikil og fín keramiksöfn.

Þetta eru nælur sem Magnús skreytir alfarið. Fólk spyr oft hvort hann máli á en það er ekki þannig. Þegar hann skreytir þá ristir hann teikninguna í með grafi knálum þegar leirinn er alveg að verða þurr, rétt fyrir lokin. Þannig að þetta er í raun og veru rista. Síðan tek ég það kannski og nudda í það oxíðum og glerja og svoleiðis. Þannig fer þetta fram, það er ekkert málað í þessu.

Aðalsteinn:

Frumstæð áhrif.

Kogga:

Já, þetta er mjög frumstætt. Það var nú samt sem áður óviljandi, okkur var bent á það eftir á. Og við samþykktum að það væri líklega alveg rétt. Þetta minnir líka á skreytingar inúíta.

Tinna:

En þegar þið farið af stað með svona framleiðslulínu, eruð þið þá háð því að halda henni áfram gagnvart kúnnanum eða finnst ykkur þið geta hætt hvenær sem er?

Kogga:

Já, maður verður eiginlega bundinn af því, það er mjög erfitt að hætta. Fólk vill vitaskuld fá inn í og það brotnar kannski upp úr.

Þarna er ég að vinna að stórri sýningu í Nýhöfn 1991. Við erum þarna uppi í Glit því mig langaði að gera eins stórt keramik og ég gæti, miðað við stærsta ofn á Íslandi. Hlutirnir eru sniðnir alveg nákvæmlega eftir ofnforminu.

Aðalsteinn:

Þeir smella nákvæmlega í ofninn.

Kogga:

Já, mig langaði að fara eins langt og ég gæti, þess vegna eru þeir svona langir og mjóir. Þessi ofn er ekki lengur til þar sem Glit er farið á hausinn. Þessi ofn var byggður á staðnum og þegar Glit hætti þurfti að brjóta hann niður. Það eru engir svona stórir ofnar til á Íslandi lengur.

Þetta eru auglýsingar sem ég lét birta, heilsíðuauglýsingar sem ég fór út í að gera og setja í tímarit og mæltust svona alla vega fyrir. En ég sé ekki eftir því.

Aðalsteinn:

Finnst þér viðskiptalega að þær hafi gert sig, að þú hafir fengið viðskipti út á þær?

Kogga:

Ég er ekki í nokkrum vafa um það. En hvort ég hafi í leiðinni valið ákveðna kúnna, ég veit það ekki.

Á þessari mynd er ég á bólakafi í leir. Ég var í Hveragerði í mánuð og Magnús heimtaði að ég færi bara alla leið í leirböðin. Ég fór austur með konu með mér og ljósmyndara, Pál Stefánsson, og fékk aðsetur í leirböðunum einn dag og fór ofan í og það voru konur sem hjálpuðu til við að maka leirnum alls staðar og rétta mér hluti. Svo var ýmislegt myndað og svo var þetta notað í markaðssetninguna.

Þetta er eiginlega fyrsta heilsíðuauglýsingin, hún er mjög gömul eða frá 1988 eða 1989. Þetta er hún Perla og þarna var hugmyndin að búa til einhverja hugsun á bak við auglýsinguna. Þetta er gamalt minni um það hvernig keramikin hefur verið borin á höndum sér og á höfði sér.

Aðalsteinn:

Og að hún er ekki bara handavinna heldur vex upp úr höfðinu!

Kogga:

Já, líka það. Þessar auglýsingar eru samvinna okkar Magnúsar. Hugmyndirnar komu frá okkur báðum.

Tónverk og snjófuglsegg

Kogga:

Þarna er samvinna okkar Eddu Jónsdóttur komin á fullt skrið. Við unnum saman sýningu í Norræna húsinu og þarna er ég að vinna við hana.

Aðalsteinn:

Þaðan koma þessar feiknamiklu þyrpingar af ílöngum hlutum?

Kogga:

Já, og ekki bara af ílöngum hlutum, við gerðum þónokkuð af leirverkum sem var hægt að spila á. Guðni Franzson samdi fyrir okkur tónverk, sem hann spilaði á þessi leirverk, og var sett á geisladisk. Við

gáfum hann út í 400 eintökum. Þetta er frá atburði í Norræna húsinu og þar fengum við nánast öll helstu tónskáld og tónlistarmenn þjóðarinnar til þess að koma saman eitt kvöld og flytja improviserað verk á sýningarverkin. Þeir löbбуðu bara um salinn og tóku það sem þeim fannst henta hverju sinni. Þeir blésu, slógu og hristu hlutina og gerðu allt mögulegt.

Tinna:

Hvernig kom þetta músík-element inn upphaflega? Er þetta eitthvað sem þið meðvitað unnuð með?

Kogga:

Við vorum að leika okkur, blása ofan í einhverja hluti og þá komu alls kyns hljóð. Síðan fórum við að blása og banka í fleiri hluti og öll þessi hljóðflóra birtist. Við fórum þá að velta fyrir okkur hvort það væri ekki hreinlega hægt að fá tónlistarmenn til þess að búa til tónverk á hlutina.

Tinna:

Fór þetta þá að hafa áhrif á formið á hlutunum?

Kogga:

Já, á þessari mynd eru til dæmis hrein hljóðfæri sem eru okkar útgáfa af „didgeridoo“, ástralska hljóðfærinu. Þegar við kölluðum Guðna til og sögðum honum hvað við hefðum í huga þá kom hann með alls konar hljóðfæri sem hann hafði safnað að sér héðan og þaðan úr heiminum. Hann sýndi okkur alls kyns blásturs- og ásláttarhljóðfæri. Það voru ótrúlegustu hljóðfæri sem ég hafði aldrei séð áður. Út frá því fórum við að gera hlutina okkar að meiri og betri hljóðfærum.

Aðalsteinn:

Egg snjófuglsins; það er ein markaðssetningaraðferðin í viðbót.

Kogga:

Þetta eru aftur mínar uppfinningar í vinnuaðferðum við postulín og sömu vinnubrögð, en þarna ákvað ég líka að koma hlutunum þínulítið lengra. Ég ákvað að nú væri kominn tími til að fara alla leið með alla vega einn grip og ákvað, einhverra hluta vegna, að trúá á þetta litla egg. Ég bjó til í kringum það ævintýri um egg snjófuglsins og hugmyndin

var að þetta væri náttúruverndartákn. Ég gerði bækling á fjórum tungumálum og hugmyndin var að markaðssetja það þannig að ég gæti haldið utan um sölu sjálf en samt sem áður á stærri markaði en bara hér á landi. Þá datt mér í hug að hafa samband við Flugleiðir.

Tinna:

Þannig að frumkvæðið hefur komið frá þér?

Kogga:

Já. Frumkvæðið og hugmyndin kom frá mér. Það eru svo margir sem halda að þeir hjá Flugleiðum hafi beðið mig að gera þetta. Það er algjör þvæla. Ég fór fimm sinnum á þeirra fund til að fá þetta inn og það var mjög erfitt. Eggin hafa verið til sölu í tíu ár í Flugleiðavélunum, frá 1993. Ég veit ekki hve mörg hafa selst; ég hef ekki tölu á því. Það eru engin tvö eins; hvert og eitt þeirra er mótað í höndunum. Síðan hef ég líka notað þau sem uppröðunarverk.

Gestur í sal (Valgerður):

Mér fannst svo athyglisvert að sjá alla þessa tónlistarmenn og tónhöfunda í Norræna húsinu, þetta var eins konar eflí. Var þetta skjalfest, tekið upp?

Kogga:

Já, Ævar Kjartansson tók þetta upp fyrir útvarpið en ekki allt í heild, heldur part af því. En það voru ekki mikil gæði á upptökunni. En aftur á móti eigum við tónverkið, sem Guðni spilaði, á geisladiski. Það er 20 mínútna verk sem hann spilar allt á keramikið. Þetta var alveg einstaklega skemmtilegt og þeim fannst þetta svo gaman. Þeim fannst þetta upplifun sjálfum. Verkið heitir „Lament“ og er í heild sinni á disknum. En diskurinn er ekki til lengur, hann er uppseldur.

Gestur í sal (Ólöf Erla):

Mig langar að byrja á að þakka fyrir frábært Sjónþing, bæði skemmtilegt og fræðandi, sem er mikil lyftistöng fyrir keramikið hér á landi. Rétt fyrir hlé var umræða um listasöfnin og hvort þau hefðu keypt eitt-hvað af þér. Mér fannst það ekki koma nógu skýrt fram.

Kogga:

Listasafn Íslands hefur aldrei keypt af mér keramikverk, nytjahlut, eða

neitt af því sem ég hef gert ein. Það keypti aftur á móti verkið okkar Eddu sem var þarna áðan, flöskustæðuna. Þannig að það er það eina, sem ég á, á Listasafni Íslands. Reykjavíkurborg á annan af stóru vösunum sem eru hér frammi og ég fékk leyfi til að byggja úti á Laugar-
nestanga að hluta til fyrir hann.

Gestur í sal (Ólöf Erla):

Fékkstu enga greiðslu?

Kogga:

Nei. Ég fékk part af lóð fyrir hann.

Gestur í sal (Ólöf Erla):

En varðandi stefnu listasafnanna hér og í nágrennalöndunum: Er Hönnunarsafnið eina safnið hér sem hefur það á stefnuskrá sinni að kaupa list eins og keramik? Er það sambærilegt við það sem er á Norðurlöndunum?

Aðalsteinn:

Ég held að ég verði að svara því játandi. Úti í Noregi er Kunstindustri-museet sem er mjög aktívt og kaupir mikið en listasöfnin þar gera það ekki.

Kogga:

Það er geysilegur munur á því verði sem ég get sett á svona grip hér og í öðru landi. Gripur úr keramiki, sem maður er búinn að leggja virkilega á sig fyrir, þykir dýr á Íslandi ef hann kostar 20 til 30 þúsund en hann gæti auðveldlega kostað 200 til 300 þúsund bara á Norðurlöndunum, hvað þá annars staðar. Danska listakonan Alev Siesbye er alltaf að gera meira og minna sömu skálina, óskaplega fagra en ekki stóra. Svoleiðis skálar hjá henni kosta 300 þúsund krónur. Það er slegist um þær á söfnin.

Gestur í sal (Elísabet):

Mig langar að þakka fyrir sérstaklega skemmilegt spjall og mér finnst gaman að heyra bjartsýnina í Koggu. Það er svo gaman að heyra hennar skoðanir á keramik og það er lyftistöng fyrir okkur allar. Mig langar líka að minna á að um svipað leyti og arkitektar gerðu samning við

Listasafn Reykjavíkur þá gerðum við í Leirlistarfélaginu það líka og gáfum verk til safnsins. En það hefur ekkert verið gert við það og það er hreinlega vegna þess að, eins og Kogga er stundum að segja, þeir eru á þeirri skoðun að það sé ekki pláss fyrir leirinn þar. Mér finnst alveg sérstaklega gaman að heyra svona umræður eins og hér vegna þess að ég held að þetta upphefji svolítið leirinn.

Gestur í sal:

Hvaðan kemur þetta fallega nafn Kogga?

Kogga:

Það finnst það nú ekki öllum fallegt! Móðir mín neitaði alfarið að kalla mig Koggu, kallaði mig alltaf Kolbrúnu. Lítill frændi minn og leikfélagi, ári eldri en ég, byrjaði að kalla mig Koggu þegar ég var um það bil tveggja ára gömul og það bara festist.

Gestur í sal (Valgerður):

Þú sagðir að þú litir fyrst og fremst á þig sem keramikar en þú virðist samt alltaf hafa átt samtalið við samtímamyndlist á hverjum tíma. Kannastu við það?

Kogga:

Ég held að það sé alveg rétt en ég er ekki alltaf meðvituð um það. Ég tel mig alltaf hafa fylgst mjög vel með myndlist. Ég fylgist mjög vel með öllum listum, ekki bara hönnun. Ég náttúrulega bý með myndlistarmanni og þetta er stöðugt í diskusjón og við fylgjumst mjög vel með.

Aðalsteinn:

Svo rásar þú mikið um netið, er það ekki?

Kogga:

Nei, ekki svo mjög. Ekki að þessu leyti. En ég held að ég hafi alltaf orðið fyrir mjög miklum áhrifum frá myndlist. Það er ekki spurning.

Gestur í sal:

Er sameiginlegt höfundarverk ykkar Magnúsar merkt þér? Getur maður vitað hvað er eftir ykkur bæði saman?

Kogga:

Já, það stendur undir. Í einstaka tilfellum hefur það kannski gleymst en yfirleitt eru nöfnin okkar beggja undir.

Gestur í sal (Eyjólfur):

Ég sá að staupin, sem þú hefur selt 130 sett af, voru merkt KB. Hvenær notaðir þú það?

Kogga:

Það var af feimni, ég notaði aldrei Koggu til að byrja með. Ég var svo hrædd um að fólk héldi að þetta væri tilbúið listamannsnafn þannig að ég vildi alls ekki nota það. Þannig að allir mínir fyrstu hlutir eru merktir KB. Það er ekki fyrr en ég opna niðri á Vesturgötu og skíri staðinn Kogga og set upp skilti og fæ þetta „backup“ frá Jóni Karlssyni að ég ákveð að setja það líka undir hlutina.


Aðalsteinn:

Ég þakka öllum fyrir komuna og listakonunni fyrir greinargóð og skemmtileg svör og spýrlunum fyrir þeirra þátt.



Umbrot og hönnun / Kristín Póra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2011

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð